

10. desember 2019

Kæru MA 1970 félagar

Á dögnum hittust nokkrir félagar til þess að ræða afmælishátíð okkar í vor og nánari útfærslu á hugmyndunum sem urðu til eftir fyrstu samtöl og samráð félaga fyrir norðan og sunnan sl. vor, sbr. bréfið til ykkar í byrjun ágúst sl. Enn eru ýmsir endar óhnýttir en í grófum dráttum er lagt til að fyrirkomulagið verði sem hér segir:

Mánudagur 15. júní:

11:00: Brottför með rútum frá Akureyri áleiðis til Siglufjarðar.

12:15: Léttur hádegisverður á Siglufirði.

13:30: Heimsóknir á valda staði á Siglufirði, t.d. Síldarminjasafnið, Þjóðlagasafnið, Þjóðverksmiðjuna, o.fl. Nánari upplýsingar síðar.

19:00: Kvöldverður á Hótel Siglufirði (Kaffi Rauðku) – í óformlegu umhverfi, sem sagt ekki spariklæðnaður.

Eftir kvöldverð: Ekið til Akureyrar – miðnætursól í Ólafsfjarðarmúla.

Þriðjudagur 16. júní:

11:00: Heimsókn í MA – Skólameistari tekur á móti hópnum; stuttur söngsalur.

13:00: Léttur hádegisverður á góðum stað.

14:00: Huggulegheit á Akureyri og/eða í grennd fram undir kl. 17.

19:00: MA-hátíð í Íþróttahöllinni.

Miðvikudagur 17. júní:

10:00: Skólaslit MA

Tímanlega þurfum við að velja einhvern til þess flytja ávarp fyrir hönd hópsins við skólaslitin. Hugum að því á næstu vikum.

Ekki er enn vitað hvort vænst verður „skemmtiatriðis“ af okkar hálfu á MA-hátíðinni í höllinni. Nánar um það síðar.

Sú venja hefur skapast að afmælisárgangar gefi skólanum peningagjöf sem skóla-
yfirvöld ráðstafa eins og þeim þykir hæfa. Lagt er til að framlag okkar verði 5.000 kr.
á mann. Verður rukkað síðar.

Enn er ekki unnt að áætla hvað þátttaka í afmælishátíðinni muni kosta. Kostnaðar-
áætlun verður til þegar dagskráin hefur tekið á sig ákveðnari mynd og fyrir liggur hve
mörg okkar ætla að mæta.

Skráningarsíða hefur verið opnuð á heimasíðu árgangsins og er þess vinsamlegast farið
á leit að þið skráið ykkur sem allra fyrst. Það auðveldar skipulagningu alla. Ef þið eigið
í einhverjum vandræðum við skráningu, hafið þá samband við Eirík Þór í síma
8633154 eða tölvupósti, eirikur@eirikur.is.

Í bréfinu sem ykkur var sent í tölvupósti 4. ágúst sl. voru upplýsingar um bókunar-
möguleika á Hótel Eddu á Akureyri. Enn mun vera unnt að bóka gistingu með því að
nota tengilinn sem bent var á í bréfinu. Bréfið má finna á heimasíðunni (bréf-1).

Ekki hafa allir tölvupóst. Þegar þið hittið gömul bekkjarsystkin á förunum vegi væri því
upplagt að spyrja hvort þau hafi ekki örugglega séð bréfið um afmælið næsta vor. Og
ef ekki – þá að benda þeim á að það megi finna á heimasíðunni. Netfang heimasíðunnar
er <http://eirikur.is/ma70.htm>.

Ef tölvupóstföngum hefur verið breytt nýlega eða þið hafið fengið heimapóstfang þá
komið upplýsingum um það til Eiríks Þórs á ofangreint póstfang eða símanúmer. Þetta
á einnig við um þá sem enn hafa vinnupóstföng sem væntanlega breytist á nýju ári.

Praktískur undirbúningur fyrir norðan verður að mestu í höndum félagá á Akureyri.

Athugasemdum og ábendingum má koma á framfæri við eitthvert okkar eða okkur öll.

Bestu kveðjur

*Eiríkur Páll, Eiríkur Þór, Ella Rögnvalds, Eva Ben, Friðrik Vagn, Didda Pálma,
Gunnar Páls, Ingimundur, Magnús Ólafsson, Maja Steingrims og Siggí Jóns*